

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Sundahöfn – Sundagarðar 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 21. júlí 2023, sbr. a-lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022, breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar vegna lóðarinnar nr. 10 við Sundagarða. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit til norðurs ásamt bílastæðum norðarlega á lóðinni, breyting á gólfkóta 1. hæðar og aukning á heildarbyggingarmagni og nýtingarhlutfalli lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hlaðhamrar 52.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. júlí 2023, sbr. a-lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1224/2022, breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 52 við Hlaðhamra. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er byggingarreitur á lóð undir leikskóla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. ágúst 2023.*

**Björn Axelsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 11. ágúst 2023